

Heilbrigðisráðuneytið
Skógarhlíð 6
105 Reykjavík

Reykjavík, 18. október 2019
1910033/0.4.1/

Efni: Umsögn embættis landlæknis um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018 (stofnanir á málefnasviði heilbrigðisráðherra)

Embætti landlæknis fagnar því að fram sé komið frumvarp varðandi nauðsynlegar breytingar á lögum er varða vinnslu persónuupplýsinga í starfsemi embættisins. Þar sem starfsemi embættisins felur óhjákvæmilega í sér vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga er mikilvægt að skýrar lagaheimildir séu fyrir hendi sem gera embættinu kleift að sinna lögbundnu hlutverki sínu á markvissan hátt.

Hins vegar eru mörg verkefni á hendi embættis landlæknis sem ekki eru eins skýrt skilgreind í lögum eða reglugerð. Landlæknir hefði talið tækifæri til þess nú, með þessu frumvarpi, að skýra nánar í lögum hlutverk embættisins t.d. hvað varðar rekstur og þróun miðlægra lausna fyrir heilbrigðisþjónustuna sem Miðstöð rafrænna heilbrigðislausna sinnir. Ljóst er að verkefni hennar eru mikilvægur þáttur í aukinni rafrænni þjónustu við sjúklinga t.d. með rafrænum lyfseðlum, aðgengi að eigin upplýsingum í Heilsuveru og rekstri Heklu heilbrigðisnetsins. Það er krafa notenda heilbrigðisþjónustunnar að rafrænar lausnir séu aðgengilegar á sama hátt og á öðrum sviðum samfélagsins. Embætti landlæknis telur því brýnt að vinnu við nauðsynlegar lagabreytingar og/eða reglugerðir sem styðja við og einfalda þróun og útbreiðslu miðlægra lausna verði haldið áfram sem fyrst.

Embætti landlæknis telur jákvætt að skýrt sé kveðið á um að heimilt sé að birta starfsleyfaskrá heilbrigðisstarfsfólks og skrá yfir rekstraraðila í heilbrigðisþjónustu, ásamt upplýsingum um takmarkanir á starfsleyfum eftir því sem við á, svo sem kveðið er á um í 5. og 6. gr. frumvarpsins. Er það mat embættisins að hér sé um að ræða upplýsingar sem varða almannahagsmuni og með birtingu þeirra verði þeim sem þurfa að leita sér heilbrigðisþjónustu gert kleift að kanna hvort viðkomandi heilbrigðisstarfsmaður eða rekstraraðilar í heilbrigðisþjónustu séu með gild leyfi til að veita þá heilbrigðisþjónustu sem þeir bjóða upp á.

Embætti landlæknis fagnar því einnig að gerðar séu breytingar varðandi ætlað samþykki til vistunar lífsýna í lífsýnasafni þjónustusýna og heldur tryggður réttur einstaklinga til að segja sig úr slíku safni, svo sem kveðið er á um í 2. og 3. frumvarpsins. Þá er einnig mikilvægt að skýr lagaheimild fyrir vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga í tengslum við líffæragjafir sé lögfest, sbr. 9. gr. frumvarpsins.

Embætti landlæknis bendir á að í frumvarpi þessu er nánast einungis tekið á málum er varða starfsvið embættis landlæknis og sóttvarnalæknis. Þannig er ekki tekið á lögum sem varða heilbrigðisstofnanir. Á heilbrigðisstofnunum fer fram umfangsmikil vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga ásamt því að heilbrigðisstofnanir hafa oft þörf fyrir að deila upplýsingum sín á milli. Þá er upplýsingum miðlað til Sjúkratrygginga Íslands, Tryggingastofnunar, tryggingafélaga og annarra aðila eftir því sem við á. Það er því mikilvægt að heilbrigðisráðuneytið ráðist sem fyrst í þá vinnu að kanna hvort breytinga sé þörf á lögum er varða heilbrigðisþjónustuna til að tryggja að skýr lagagrundvöllur sé fyrir hendi fyrir allri vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga sem þeim er nauðsynleg til að geta veitt faglega þjónustu á skilvirkan hátt byggða á uppfærðum og aðgengilegum upplýsingum.

Að lokum ítrekar embætti landlæknis þær lagabreytingar sem embættið hefur lagt til í þessu sambandi, en hafa því miður ekki ratað inn í umrætt frumvarp, en ráðuneytinu er fullkunnugt um þær tillögur embættisins.

Virðingarfyllst,


Kjartan Hreinn Njálsson,
aðstoðarmaður landlæknis